



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2018

EFNI: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um Þingskjal 14-14. mál, þingsályktunartillögu um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands styður tillögu til þingsályktunar um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.


Of mörg dæmi eru um að opinber fjárfestingarverkefni fari fram úr kostnaðar- og tímaáætlun og að gæði þeirra eru ekki fullnægjandi.

Verkfræðingafélagið tekur undir að mikilvægt er að taka þessi mál föstum tókum, læra af því sem vel er gert í nágrannalöndum okkar með rammaáætlun til þess að byggja upp þekkingu og færni við fjárfestingarverkefni. Vill félagið bjóða fram krafta sína í þeirri vinnu.

Eðli verkundirbúnings hefur breyst verulega með aðkomu fleiri fagsviða og nýrra reglugerða t.d. vegna umhverfismats og samráðs. Ríkisvaldið þarf að taka þessar breytingar alvarlega og leggja meiri fjármuni í verkundirbúning, skipulagningu og verkefnastjórn en verið hefur. Þar skiptir fagleg nálgun og skilvirk verkefnisstjórn miklu máli.

Verkfræðingafélagið stendur vörð um gæði menntunar og fagkunnáttu tæknifræðinga og verkfræðinga sem gegna oft lykilhlutverki í stjórnun opinberra fjárfestingaverkefna. Við trúum því að með opinberri rammaáætlun um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga megi efla gæði menntunar og fagkunnáttu.

F.h. stjórnar Verkfræðingafélags Íslands,


Páll Gíslason, formaður